

2012

Heilsugæsla  
höfuðborgarsvæðisins

Elín Elísabet  
Halldórsdóttir  
sálfræðingur og  
Þórður G. Ólafsson  
yfirlæknir

**ÁRSSKÝRSLA  
MEÐFERÐARTEYMIS BARNNA  
HEILSUGÆSLUNNI EFRA-  
BREIÐHOLTÍ**


## EFNISYFIRLIT

Ársskýrsla meðferðarteymis barna Heilsugæslunni Efra–Breiðholti fyrir árið 2012 .....	2
Kynjaskipting í Meðferðarteymið 2012 .....	2
Tilvísanafjöldi barna eftir aldri 0-18 ára.....	3
Flokkun barna á aldrinum 0–18 ára eftir tilefni og kyni.....	4
Allar tilvísanir til Meðferðarteymisins 2012 eftir tilefni og kyni .....	5
Tilvísanir yfir mæður fyrir og eftir fæðingu sem og yfir feður .....	6
Fjölskyldugerðir .....	7
Meðferðarform.....	7
Móttaka mála.....	8
Samantekt og ályktun .....	8

## ÁRSSKÝRSLA MEÐFERÐARTEYMISS BARNNA HEILSUGÆSLUNNI EFRA-BREIÐHOLTI FYRIR ÁRIÐ 2012


- Meðferðarteymi barna hóf starfsemi sína haustið 2007. Þá var lögð töluverð vinna í að skipuleggja og skilgreina starfsemina og útbúa kynningarblöð og vinnureglur.
- Má kynna sér verklag og útfærslu betur í eldri ársskýrslum Meðferðarteymis barna.
- Meginhlutverk Meðferðarteymisins er að veita mæðrum á meðgöngu, börnum og barnafjölskyldum í Efra-Breiðholti, geð- og sálfélagslega þjónustu með ráðgjöf, meðferð og eftirfylgd í samstarfi við aðrar fagstéttir stöðvarinnar.
- Í meðferðarteyminu starfar heimilislæknir, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur /ljósmóðir eftir því sem við á.
- Heimilislæknir er sá aðili sem fyrst og fremst vísar barni og fjölskyldu þess eða móðir á meðgöngu í teymið og er hann alltaf hluti af teyminu.
- Flestar tilvísanir sem bárust Meðferðarteymi barna fyrir árið 2012 komu frá heimilislæknum Heilsugæslunnar í Efra-Breiðholti enda hafa flestar barnafjölskyldur í hverfinu heimilislækni á stöðinni. Aðeins lítið brot tilvísanna berst frá heimilislæknum utan stöðvar fyrir börn, mæður/feður og fjölskyldur sem eiga lögheimili í hverfinu. Sjá fyrri skýrslur Meðferðarteymis barna í Efra-Breiðholti.

### Kynjaskipting í Meðferðarteymið 2012




Heildarfjöldi tilvísana sem barst í Meðferðateymi barna árið 2012 voru 123 tilvísanir.

### Tilvísanafjöldi barna eftir aldri 0-18 ára



Dreifing tilvísana eftir aldurshópum barna sýnir að flestar tilvísanir bárust í aldurshópana 9 – 11 ára og í aldurshópinn 16 – 18 ára eða alls 16 tilvísanir í hvorn aldurshópinn. Í aldurshópinn 12-15 ára bárust 15 tilvísanir. Í aldurshópinn 6-8 ára bárust 10 tilvísanir. Í aldurshópinn 3-5 ára bárust 5 tilvísanir en engin tilvísun barst í aldurshópinn 0-2 ára.


## Flokkun barna á aldrinum 0–18 ára eftir tilefni og kyni



Tilvísanir til meðferðarteymisins flokkast eftir eðli máls en helstu 7 flokkar sem stuðst er við eru: Kvíði / sállíkamleg einkenni. Depurð / þunglyndi. Kreppa / áföll. Fæðingarþunglyndi. Uppeldis- og / eða fjölskylduvandi. A(MO) / misþroski / þroskatengdur vandi. Skóla – og / eða félagstengdur vandi.

Drengjum er oftast vísað í teymið vegna kvíða- og / eða sállíkamlegra einkenna og uppeldis- og / eða fjölskylduvanda. Aðal ástæða þess að vera vísað í meðferðarteymið er því kvíði- og / sállíkamleg einkenni hjá báðum kynjum. Stúlkum og drengjum er vísað jafnoft í teymið vegna depurðar- og/ eða þunglyndis.

## Allar tilvísanir til Meðferðarteymisins 2012 eftir tilefni og kyni




Flest tilefni tilvísana bárust Meðferðateymi barna innan kvíða- og / sállíkamlegra einkenna ( 68). Þar næst vegna depurðar- og / þunglyndis (40). Uppeldis- og / eða fjölskylduvanda (11). A(MO)/ misþroska- og / eða þroskatengds vanda (3). Kreppu- og / eða áfalla (1). Í flokkinn Skóli- og / eða félagslegur vandi barst engin tilvísun (0). Í flokkinn Fæðingarpunglyndi var engin tilvísun skilgreind sérstaklega sem fæðingarpunglyndi.

Flest voru tilvísunartilefnin hjá stúlkum/konum vegna kvíða- og / sállíkamlegra einkenna (51). Þar næst kom efnisflokkurinn Depurð / þunglyndi. Í efnisflokkinum Uppeldis- og/eða fjölskylduvandi (5) var næst fámennastur fyrir utan (1) tilvísun í

efnisflokkungum Kreppa /Áföll. Engin tilvísun barst í efnisflokkinn A(MO) / misþroski / þroskatengdurvandi (0) fyrir stelpur.


Flest tilvísunartilefni drengja/karla var í efnisflokkinum Kvíði /Sállíkamleg einkenni (17) og þar næst kemur efnisflokkurinn Depurð / Þunglyndi (9). Efnisflokkurinn Uppeldis- og/ eða fjölskylduvandi (6) voru tilvísanir næst fæstar. Efnisflokkurinn A(MO)/misþroski/þroskatengdurvandi var með fæstar tilvísanirnar (3).

### Tilvísanir yfir mæður fyrir og eftir fæðingu sem og yfir feður




Meðferðarteyminu bárust samtals 67 tilvísanir yfir verðandi mæður, mæður, feður og foreldra. Depurð- og /eða þunglyndi ásamt kvíða var oftast tilvísunarefnið eða annar sértækur vandi í uppeldishlutverkinu.

## Fjölskyldugerðir



Fjölskylduaðstæður einstaklinga sem vísað var til Meðferðarteymisins sýna að flestir koma úr heilli og óbrotinni fjölskyldugerð (72;59%). Næst eru þeir sem koma úr stjúpfjölskyldu (36,30%). Þeir sem skilgreinast sem einstæð fjölskylda voru fæstir (14;11%).

## Meðferðarform



Einstaklingsmeðferð var oftast veitt eða í 77;63% tilfella. Næst var fjölskyldumeðferð veitt í 26;21% tilfella en ráðgjöf var í fæstum tilfellum veitt eða í 19;16% tilfella.



## MÓTTAKA MÁLA

---

Frá móttöku tilvísunar til fyrsta viðtals var bið frá einum degi upp í 20 daga. Tímasetning viðtals réðst fyrst og fremst af því hvað hentaði fjölskyldunni eða einstaklingnum. Meðaltal viðtala var á bilinu 6 - 8 viðtöl en í sumum tilfellum 10 – 19 viðtöl eða fleiri. Heildarsamskipti á hverja tilvísun var ca 8 – 10 skipti en í sumum tilfellum voru samskiptin í lengri tíma. Í einstaka tilfellum var boðað til fundar vegna mála er tengdust grunnskóla- eða þjónustumiðstöð Breiðholts. Einnig var börnum vísað í sérhæfðari þjónustu á vegum Þroska- og hegðunarsviðs heilsugæslunnar og Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans.

## SAMANTEKT OG ÁLYKTUN

---

Alls bárust 123 tilvísanir til Meðferðarteymis barna á árinu 2012. Alls bárust 62 tilvísanir yfir börn á aldrinum 0-18 ára eða 32 stúlkur og 30 drengi. Innan aldurshópsins 0-18 ára var aldursdreifing tilvísana frá 3-18 ára. Flestar tilvísanir bárust í aldurshópina 9-11 ára og 16-18 ára eða alls 16 tilvísanir í hvornhópinn. Engar tilvísanir bárust í aldurshópinn 0-2 ára.

Alls bárust 11 tilvísanir yfir mæður á meðgöngu vegna þunglyndis og kvíða en 6 tilvísanir bárust yfir mæður í fæðingarorlofi vegna þunglyndis og kvíða. Tilvísanir yfir mæður-og/ eða foreldri sem vísað var vegna þunglyndis og kvíða voru alls 45 en einnig bárust 5 tilvísanir yfir feður- og /eða foreldri vegna sama efnisflokks. Tilvísunarástæða í meðferðarteymið var því nær oftast þunglyndi og kvíði óháð aldri eða kyni.

Yngstu börnunum 0-2 ára og foreldrum þeirra er í mun minna mæli vísað í Meðferðarteymi barna í samanburði við aðra aldurshópa. Einn efnisflokkur sker sig úr frá öðrum flokkum en það eru mæður sem merkjanlega hefur fjölgað í meðferðarteyminu. Annaðhvort eru þær mæður að einu eða fleiri börnum og er vísað vegna kvíða og þunglyndis. Yfir feður bárust 5 tilvísanir vegna þunglyndis og kvíða. Fjöldi tilvísanna yfir feður heldur sér svipað á milli ára.

Kvíði – og / sálíkamleg einkenni ásamt depurð- og / eða þunglyndi eru því oftast ástæða tilvísunar í meðferðarteymið hjá stúlkum / mæðrum. Kynjamunurinn er einnig mestur í efnisflokkinum kvíði- og/eða sálíkamleg einkenni. Kvíði- og / sálíkamleg einkenni koma því mun oftast fyrir hjá stúlkum og / mæðrum en drengjum og /feðrum. Fjöldi tilvísana sem

bárust fyrir drengi og /feður var í efnisflokkinn kvíði- og / sállíkamleg einkenni og var drengjum þar næst vísað vegna uppeldis- og / eða fjölskylduvanda. Stúlkum og drengjum var jafnt oft vísað í meðferðarteymið vegna depurðar- og/ eða þunglyndis.